

Héraðsnefnd Árneseinga b.s.

2. fundur

haldinn að Hótel Geysi
17.-18. október 2013.

1. **Formaður, Ari Thorarensen**, setti fundinn og bauð menn velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

2. **Brunavarnir Árneseyslu**, fundargerðir, erindisbréf, samþykktir og fjárhagsáætlun, gjaldskrá og brunavarnaáætlun.

Kristján Einarsson slökkviliðsstjóri, Pétur Péturson og Lilja Ragnarsdóttir mættu á fundinn.

2. fundarg. Fagraðs brunavarna (í gögnum fundarins) **samþykkt samhljóða.**

Fyrir fundinum liggja einnig

- a) Fjárhagsáætlun
- b) Erindisbréf fagraðs
- c) Samþykktir og
- d) Gjaldskrá.

Kristján Einarsson sagði frá stöðu mála. 120 slökkviliðsmenn eru hjá Brunavörnum Árneseyslu. Rekstrsrölur hækka hægt og bítandi og kemur þar margt til. Hert eftirlit, ný reglugerð um starfsemi slökkviliða ofl. BÁ hafa verið með þjónustusamning við Landsvirkjun vegna virkjana (Búðarháls). Þeir hafa greitt allan kostnað vegna æfinga oþh. á svæðinu. Hann rennur út nú um áramót. Búnaðarkaup hafa verið með venjubundnum hætti. Brýnt er að fjárfesta m.a. í tveimur nýjum dælum. Skýr lagarammi er um rekstur, prófanir og viðhald reykkiöfunartækja. Eftirlitshlutverk BÁ er skv. lögum og getur verið dýrt.

Svaraði síðan fsp. ásamt Pétri.

Umræður urðu um endurnýjun samnings við Landsvirkjun á nýjum grundvelli eftir að byggingartíma Búðarháls lýkur, ábyrgð BÁ á málum þar í óbyggðum, húsnæðismál BÁ og viðhald eigna, lánamál, laun og bókhaldslega þætti. Samanburður við aðrar brunavarnir er erfiður þar sem stundum er verið að bera saman epli og appelsínur eins og stundum er sagt. Einnig var minnst á sjúkraflutningamál, æskilegt að taka það mál upp á samráðsgrundvelli, sjúkraflutningsmenn vilja samstarf við BÁ. Einnig ræddu menn gjaldtöku í eftirlitsferðum, menn sammála að mismuna ekki fólki/stöðum eftir staðsetningu. Hugsanlega samræma eftirlitsferðir í samvinnu við Heilbrigðiseftirlitið. Ekki er miðað við að heimsækja fólk/fyrirtæki aftur nema beinn háski stafi af augljósu andvaraleysi.

Til máls tóku, auk formanns; Gunnar Þorgeirsson, Eggert Valur Guðmundsson, Helgi S. Haraldsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Eyþór Arnalds, Arna Ír Gunnarsdóttir; Sandra Dís Hafþórsdóttir, Sveinn Steinarsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Skafti Bjarnason, Guðmundur Ármann Pétursson, Ragnar Magnússon og Stefán Jónsson.

b) Erindisbréf liggur fyrir til umræðu og afgreiðslu hér.

- c) Samþykktir einnig til afgreiðslu og undirritunar sveitarfélaganna.
- d) Gjaldskrá til kynningar á fundinum. Send heim í hérað. Þegar hún hefur verið auglýst í Stjórnartíðindum tekur hún gildi. Fagrað leggur þetta til.

Brunavarnaáætlun send til kynningar og samþykktar í sveitarstjórnnum sem hlut eiga að máli. Staðfest síðar.

Fjárhagsáætlun borin upp og **samþykkt samhljóða.**

Erindisbréf borið upp og **samþykkt samhljóða.**

Samþykktir bornar upp og **samþykktar samhljóða.**

3. Almannaþingarnefnd Árnessýslu.

Lögð fram fjárhagsáætlun 2014. Kristján Einarsson fylgdi henni úr hlaði. Stjórnstöð AA færð yfir í Árveg 1, sem er mjög til hagsbóta fyrir samhæfingarstöð.

Umræður urðu t.d. um æfinguna „Herjólfstrandir“, sem var mjög gagnleg, sérstaklega um það sem betur mætti fara. Rætt um nauðsyn áætlana við hinar ýmsu hættuástandur, - ekki bara eldgos eða jarðskjálfta. Kristján kvað æfingu með „rútuslysi“ á döfinni. Það væri mjög raunhæft hættuástand sem gæti komið upp hvenær sem er. Til máls tóku auk formanns; Aldís Hafsteinsdóttir, Eyþór Arnalds.

Fjárhagsáætlun borin upp og **samþykkt samhljóða.**

4. Búfjárefntilvitni – skýrsla.

Ragnar Magnússon sagði frá. Farið er að vinna eftir lögum sem taka í raun gildi um næstu áramót og gengur nokkuð vel. Eftirlitshlutverk svf. færast þar með yfir til MAST. Starfsnefnd Héraðsnefndar Árneseinga vegna þessara breytinga, svo og búfjárefntilvitnismanni þökkun vel unnin störf. Til máls tók Aldís Hafsteinsdóttir.

5. Héraðsskjalasafn Árneseinga.

a) **Fundargerðir** frá 3. maí, 12. sept. og 30. sept. 2013 **staðfestar.**

b) **Þorsteinn Tryggvi Másson** forstöðumaður sagði frá. Skemmst er frá að segja að mikil gróska er í starfsemi safnsins, aðsókn eykst um 20% milli ára – um 100% frá 2009. Afhendingar og skil aldrei fleiri. Myndasíða safnsins slær alveg í gegn, og þakkar hann stuðning Árborgar við þann þátt safnsins. HÁ er eina safnið á landinu með svo öflugum myndasíðu. Málalyklar teknir í gagnid í flestum svf. og 2014 verða allir skólar komnir með lykil. Hægt væri (eins og Kjartan Björnsson benti á) að hafa aðgang að kortasjá og húsavef gegnum símatölvur (app), og gæti það orðið sjálfsagður möguleiki innan skamms tíma. Fyrirhuguð er breyting á lögum um Þjóðskjalasafn og snertir sú lagabreyting starfsemi Héraðsskjalasafna.

Þorsteinn ræddi síðan þrengslí í vistarverum safnsins. Öllu samt hent sem til er geymt annars staðar, s.s. blöðum. Vantar tilfinnanlega hús sem væri hugsað til framtíðar. 500 ferm. væru ákjósanleg stærð, þar af 60% öruggt geymsluhúsnæði. Kvað hann ca. 65% gagna vera lögbundna varðveislu.

Svaraði Þorsteinn síðan fyrirspurnum.

Fundarmenn glöddust yfir velgengni starfseminnar.

Ráðningarsamningur við forstöðumann rennur út á næsta ári. Spurt var um eldvarnir og öryggismál. Eldveggir og „brunahólf“ eru í húsnæði safnsins. Afrit af gögnum annars staðar væri þó æskilegt. Fjármál rædd. Óskaði framkvæmdastjórn nánari skýringa á einstökum liðum. Húsnæðismál: Ljóst er að við svo búid má ei lengur standa. Framkvæmdastjórn falið að skoða húsnæðismál safnsins með framtíðarlausn í huga.

Til máls tóku Kjartan Björnsson, Björgvin Skapti Bjarnason, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveinn Steinarsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ragnar Magnússon, Gunnar Þorgeirsson, Guðmundur Ármann Pétursson og Ari Thorarensen.

- c) **Heimasíða Héraðsnefndar Árnesinga b.s.** Þorsteinn Tryggvi fór yfir hana, - þetta er í fyrsta sinn sem vísað er á fundargögn á síðunni. Hann lagði áherslu á að héraðsnefndarmenn nýttu sér síðuna á allan hátt sem að gagni gæti komið, m.ö.o. vendu sig á að nota hana. Hún þyrfti að vera lifandi vettvangur.

Erindisbréf samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

6. **Byggðasafn Árnesinga. Fundargerðir** fagráðs nr. 19 -22 **staðfestar**. Guðmundur Guðjónsson hefur sagt af sér stjórnarstörfum. Voru honum þökkúð störf hans fyrir Byggðasafn Árnesinga.

Lýður Pálsson safnstjóri sagði frá. Góðar gjafir hafa borist safninu, m.a. flatskjár til að sýna gamlar ljósmyndir, og skautbúningur, saumaður um 1880 af Þórdísi Símonardóttur, ljósmóður, en sýningin „Ljósmóðirin á Bakkanum“ í hennar minningu var sú allra vinsælasta á árinu. Sarpur.is er gagnagrunnur rekinn af 40 söfnum, þ.m.t. Byggðasafni Árnesinga. Safninu hefur boðist að gerast „viðurkennt safn“ hjá Safnaráði, sú viðurkenning er forsenda þess að geta sótt um opinbera styrki. Þá þarf að uppfylla ýmis ytri og innri skilyrði, sem unnið er að. Endurbætur á Kirkjubæ, ytra útlit hússins er komið vel á veg. Húsið á Eyrarbakka verður 250 ára 2015 og þess þarf að minnast á einhvern hátt. Áhugi er einnig hjá fagráði og safnstjóra að minnast Vesturfara frá Suðurlandi áður en langt um líður.

Menn ræddu framkomnar upplýsingar. Sýningar ársins fengu lof hjá fundarmönnum, spennandi og fjölbreyttar. Flestir voru þeirrar skoðunar að lengja þyrfti opnunartímann vor og haust, fjöldi ferðamanna hefur margfaldast á stuttum tíma, og mikil eftirspurn eftir afþreyingu. Samstarf í markaðsmálum á svæðinu væri sterkur leikur. Til máls tóku Aldís Hafsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Sveinn Steinarsson, Guðmundur Ármann Pétursson, Gunnar Þorgeirsson, Arna Ír Gunnarsdóttir og Kjartan Björnsson, auk formanns.

Erindisbréf samþykkt samhljóða.

Stofnskrá samþykkt samhljóða. (*ath. dags. 1. okt.*)

Fjárhagsáætlun B samþykkt samhljóða.

7. **Listasafn Árnesinga.** Inga Jónsdóttir safnstjóri sagði frá. Sýningar ársins eru tileinkaðar 50 ára afmælinu, og hafa verið mjög fjölbreyttar. Aðsókn eykst ár frá ári og fer fram úr björtustu vonum. Það er umhugsunarefni að á sama tíma hefur fjárframlag ekki hækkað að neinu marki síðan 2008. Hefur safnið jafnan gætt ytrustu ráðdeildarsemi í rekstri. Hafin er vinna við stafrænt umhverfi á safninu. Sagði hún einnig frá hugleiðingum sínum um hugsanlegan minnisvarða um Ásgrím Jónsson á æskuslóðum hans í Flóahreppi.

Málefni Listasafnsins rædd, s.s. möguleika á að selja aðgang. Einnig hvort bjóða ætti áhugamálurum úr héraði að sýna verk sín. Fram kom, að þeir væru á öðrum vettvangi með sínar listsýningar. Á tímabili voru þó haldin námskeið í myndlist í húsnæði Listasafnsins. Safnið er „viðurkennt safn“, og fær opinbera styrki sem slíkt á grundvelli fagmennsku, sem það myndi ekki fá sem „gallery“, eða sölusýningastaður. Til máls tóku Gunnar Þorgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ari Thorarensen, Eyþór H. Ólafsson, Kjartan Björnsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Guðmundur Ármann Pétursson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Ragnar Magnússon.

Samþykktir Listasafnsins, stofnskrá og fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

8. **Tónlistarskóli Árneseinga.** Helga Sighvatsdóttir kom fram fyrir hans hönd, greinagóð skýrsla liggur fyrir. Skólaárið byrjaði vel með 503 nemendur í einkatímum og um 215 nemendur í forskróla. Nemendafjöldi stendur nánast í stað þrátt fyrir að kennslukvótinn hafi aukist um u.þ.b. 20 klst. á milli ára. Ástæða þess er meðal annars áhersla á fullt nám sem skólinn styður eindregið og sveitarfélagin samþykktu á síðasta héraðsnefndarfundum. Hlutfallslega fleiri nemendur stunda því fullt nám í vetur en verið hefur undanfarin ár.

Svaraði hún síðan fyrirspurnum. Fagráð þarf að fara yfir hvernig kostnaðarskipting yrði ef svo bæri við að nemendur flyttu milli sveitarfélaga á árinu. Fundarmenn þökkðu góða skýrslu og öflugt starf TÁ. Til máls tóku Sveinn Steinarsson, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Drífa Kristjánsdóttir og Ragnar Magnússon.

Erindisbréf Tónlistarskóla Árneseinga samþykkt samhljóða.

Aukafjárveitingabeirni vegna veikinda. **Samþykkt** að verða við henni, og gera upp í árslok, þar sem óvíst er um upphæð nú.

Fjárhagsáætlun að öðru leyti **samþykkt**.

Nú var fundi frestað til morguns. Oddviti Bláskógabyggðar fór með nefndarmenn í skemmtiferð um sveitina, heimsótt var ný ferðaþjónusta í Efstadal, gamli Héraðsskólinn að Laugarvatni var heimsóttur, en þar er nú rekið gistiheimili; enda á að hesta- og garðyrkjubýlinu Friðheimum. Þá beið veislukvöldverður á Hótel Geysi. Að morgni var fundi fram haldið:

9. **Fjölbrautaskóli Suðurlands – bygging verknámshúss.**

Fundarmenn ræddu hina alvarlegu stöðu sem við blasir, þar sem ekki er gert ráð fyrir fjármunum á næstunni af hálfu hins opinbera til byggingar verknámshúss við Fsu. Voru allir sammála um að það væru gríðarleg vonbrigði, eftir allt sem á undan væri gengið. Nánast allir fundarmenn tjáðu sig um þetta málefni og voru sammála um að verkmenntun væri enn einu sinni lítils metin þegar til kastanna kæmi. Nemendur gætu ekki ílenst hér og hættu námi eða flyttu úr héraðinu. Það væri dýrt spaug að missa unga fólk.

Starfshópur til kvaddur að freista þess að vinna þessu málefni brautargengi: Hann skipa Eyþór Arnalds, sem kalli hópinn saman; Gunnar Þorgeirsson og Drífa Kristjánsdóttir.

Áherslumunur kom fram í tillögum um bókanir vegna þessa máls. Þó voru þær samhljóða í grundvallaratriðum, en framkvæmdastjórn gengur endanlega frá bókun þessari á næsta stjórnarfundum.

10. **Skýrsla starfshóps um fjölgun hjúkrunarrýma**

Ásta Stefánsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Sveinn Steinarsson og Unnur Þormóðsdóttir skipuðu nefndan starfshóp. Hann var skipaður til að afla upplýsinga um hvaða leiðir sveitarfélög á svæðinu gætu farið til að fjölga hjúkrunarrýmum í Arnessýslu/á Suðurlandi.

Hópurinn heimsótti Mosfellsbæ og Reykjanesbæ og kynnti sér þá uppbyggingu sem þar hefur farið fram. Hópurinn fékk afrit helstu samninga sem gerðir hafa verið vegna uppbyggingar sveitarfélaga á hjúkrunarrýmum og önnur gögn. Rætt var við fulltrúa Fljótsdalshéraðs, Fjarðabyggðar, Seltjarnarnesbæjar og Garðabæjar símleiðis. Áður en starfshópurinn var skipaður höfðu Gunnar Þorgeirsson, Ásta Stefánsdóttir og Unnur Þormóðsdóttir kynnt sér uppbyggingu hjúkrunarheimila hjá Akureyrarbæ. Gögn úr þeirri

heimsókn liggja til grundvallar skýrslu þessari, svo og gögn úr öðrum heimsóknum og viðtölum.

Þá heimsóttu fulltrúar úr hópnum öll hjúkrunarheimili í Árnessýslu, þ.e. Sólvelli á Eyrarbakka, Ljósheima/Fossheima á Selfossi, Kumbaravog á Stokkseyri, Blesastaði á Skeiðum og Ás í Hveragerði.

Skýrslan tekur til uppbyggingar og fjármögnunar verkefna sem þessara, regluverks og lánakjara; svo og rekstrarþátta hinna ýmsu stofnana. Ljóst er, að ætlast er til að sveitarfélög leysi þörf íbúa sinna fyrir slíkar stofnanir að meira eða minna leyti.

Skýrslan í heild sinni liggur fyrir í fundargögnum.

Fundarmenn ræddu hana vítt og breitt og þökkðu fyrst og fremst hve greinagóð hún er. Rekstur virðist vera nokkuð erfiður víðast hvar. Frumkvæði þarf að koma frá heimamönnum, annars gerist harla fátt. Menn voru sammála um að kröfur um stærð einstaklingsrýma væru óraunhæfar og þeim þyrfti nauðsynlega að breyta. Yfirleitt kæmu ekki nægir fjármunir með verkefnum sem áður voru í meðferð ríkis, til sveitarfélaganna. Nauðsynlegt væri að greina þörfina og gera framtíðaráætlanir, því vandinn væri mikill í héraðinu og færi vaxandi. Byggðaðpróun skiptir líka máli í þessu sambandi, fólk vill vera nærri sínum nánustu ef þess er nokkur kostur.

Nefndin beðin um að vinna áfram að málinu; geri áætlun um þjónustubörf næstu 10 ár. Geri tillögur um leiðir, noti sér reynslu og þekkingu fagfólks í héraði við það verk. Til máls tóku Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveinn Steinarsson, Eyþór H. Ólafsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Eyþór Arnalds, Guðmundur Ármann Pétursson, Kjartan Björnsson, Björgvin Skapti Bjarnason, Ari Thorarensen, Stefán Jónsson, Ásta Stefánsdóttir og Gunnar Þorgeirsson.

Eftirfarandi tillaga samþykkt samhljóða:

„ Héraðsnefnd Árnesinga b.s. þakkar starfshópi vegna hjúkrunarrýmis prýðisgóða og vandaða skýrslu. Héraðsnefnd Árnesinga b.s. samþykkir að beita sér fyrir því að hjúkrunarrýmum í Árnessýslu sé fjlgjað eins fljótt og verða má með betri nýtingu á því húsrými sem fyrir ersvo og með ví að dvalarrýmum verði skipt út fyrir hjúkrunarrými þar sem hentugt þykir. Héraðsnefnd Árnesinga b.s. samþykkir að leita eftir samstarfi við velferðarráðuneytið um byggingu hjúkrunarheimilis á svæðinu. Fundurinn samþykkir að fela framkvæmdastjórn að leggja línur að stefnumörkun í framhaldsvinnu nefndarinnar.“

11. Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árnesinga b.s. samþykkt samhljóða.

12. Samþykkt samhljóða að Róbert Hlöðversson taki sæti í fagraði Byggðasafns Árnesinga.

13. Önnur mál. Menn ræddu nýtt fyrirkomulag á fundargögnum – á heimasíðu héraðsnefndar – og virtust nokkuð ánægðir með það.

Þá var komið að fundarlokum. Ari Thorarensen þakkaði fundarmönnum góðan fund og gestrisni og gott atlæti í Bláskógabyggð og sagði fundi slitið um hádegisbil.

Halla Guðmundsdóttir
ritari Héraðsnefndar Árnesinga b.s.

Eftirtaldir héraðsnefndarmenn/áheyrnarfulltrúar sátu fundinn:

Helgi S. Haraldsson
Eggert V. Guðmundsson

hlh@eimskip.is
eggertvalur@arborg.is

Sandra Dís Hafþórsdóttir	sandradis@arborg.is
Þórdís Eygló Sigurðardóttir	thordise@arborg.is
Eyþór Arnalds	arnalds@gmail.com
Stefán Jónsson	stefan@olfus.is
Sveinn Steinarsson	sveinn@olfus.is
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir	johannayrj@hveragerdi.is
Eyþór H. Ólafsson	eho@eimskip.is
Aldís Hafsteinsdóttir	aldis@hveragerdi.is
Ari B. Thorarensen	arith@simnet.is
Arna Ír Gunnarsdóttir	arna@arborg.is
Drífa Kristjánsdóttir	torfast@simnet.is
Gunnar Þorgeirsson	gunnar@gogg.is
Guðmundur Ármann Pétursson	gap@gogg.is
Ragnar Magnússon	ragnar@fludir.is
Aðalsteinn Sveinsson	adalsteinn@floahreppur.is
Björgvin Skafti Bjarnason	oddviti@skeidgnup.is
Esther Guðjónsdóttir	solheimar@vortex.is
Kjartan Björnsson	arsenal65@simnet.is
Ingibjörg Garðarsdóttir	inga@arborg.is